

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Bakka 1, Ölfusi



<b>Dags eftirlits</b>	7.6.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Laxar fiskeldi ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Margrét Viðarsdóttir
<b>Heimili</b>	Bakka 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	450220-1400	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Matthías Elmar Tómasson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eva Lind Guðmundsdóttir	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirliti er varða 1) Í viðtaka frárennslis, var eingöngu gerð ein sýnataka og mæling árið 2022. 2) Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 3. maí. 3) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 3. maí. 4) Losun heildarfosfats var yfir mörkum starfsleyfis og aukning á svifögnum í frárennslis er yfir mörkum starfsleyfis.

Tvær ábendingar eru gerðar er varða upplýsingar í grænu bókhaldi og um að gögn frá starfsleyfishafa séu rétt merkt.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðer nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Um er að ræða landeldisstöð þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 100 tonn á hverjum tíma.

Viðstödd eftirlitið voru Matthías Elmar Tómasson og Eva Lind Guðmundsdóttir fyrir hönd rekstraraðila, Sigríður Kristinsdóttir og Halla Margrét Viðarsdóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning

Tvö frávik voru í eftirliti árið 2022, hvorki grænu bókhaldi né ársyfirliti var skilað fyrir 1 .maí 2022. Bæði grænu bókhaldi og ársyfirlitunum var skilað inn 3. maí svo frávikum hefur verið lokað.

Hámarks lífmassi árið 2022 var 95 tonn og var því undir leyfilegum hámarks lífmassa.

Farið var yfir starfsleyfið og gagnaskil samkvæmt því.

Sýnataka og mælingar í viðtaka frárennslis voru aðeins gerðar einu sinni árið 2022 en samkvæmt gr. 4.3 í starfsleyfi á að taka sýni a.m.k. tvisvar á ári, annarsvegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hinsvegar þegar fóðrun er í lágmarki. Útreikningar á heildarlosun fosfórs var 8,2 kg P/tonn sem er 1,4 kg P/tonn yfir leyfilegum mörkum en samkvæmt gr. 3.4 í starfsleyfi má losun fosfórs í viðtaka ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári.

Grænu bókhaldi eða umhverfisupplýsingum og ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 3. maí en samkvæmt gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi ber starfsleyfishafa að skila þessum gögnum fyrir 1. maí á hverju ári.

Rekstraraðili er með umhverfisstefnu sem er staðfesting á vilja fyrirtækisins til að stunda ábyrga og sjálfbæra starfsemi sem og að lágmarka eða koma í veg fyrir umhverfisáhrif rekstrarins.

Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu og hurð inn í geymsluna viðunandi merkt.

Verið er að byggja yfir eldisker á svæðinu og ber svæðið þess merki.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
<b>gr. 4.3 í starfsleyfi.</b>	Samkvæmt lið 4.3 í starfsleyfi á að taka sýni a.m.k. tvisvar á ári, annarsvegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) og hinsvegar þegar fóðrun er í lágmarki. Ekki var tekið sýni eða gerðar mælingar nema einu sinni, þann 22. september 2022.
<b>gr. 4.4 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðila ber að taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var skilað 3. maí og er því frávikinú lokið.
<b>gr. 4.5 í starfsleyfi og 11. gr. reglugerðar um grænt bókhald.</b>	Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfseminni fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi var skilað inn 3. maí s.l. og er frávikinú því lokið.
<b>gr. 3.4 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðila er óheimilt að losa meira ein kemur fram í gr 3.4 Sjá umfjöllun í kafla um umfangi eftirlits.



## ÁBENDINGAR

Í lið 6.10 í grænu bókhaldi Bakka, kemur fram að viðtakinn sé sjór.

Nauðsynlegt er að gögn séu rétt merkt þegar þau eru send Umhverfisstofnun. Niðurstöður sýnatöku frá Sýni ehf. voru ranglega merktar Fiskalóni.

## ANNAD

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn um að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en héðan í frá verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Var fulltrúa rekstraraðila sagt frá því að áhættumat fyrir tíðni eftirlits er í endurskoðun en stefnt er að því að endurskoðað áhættumat verði tilbúið fyrir árslok 2023. Verður nýtt áhættumat sent rekstraraðila fyrir tíðni eftirlits á næsta ári, fyrir árslok 2023.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2023

*Sigr. Kristinsd*

Sigríður Kristinsdóttir

